

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

196. FUNDUR.

196. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 8. mars árið 2012 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá sem 7. lið. dreifnám í Húnaþingi vestra. Samþykkt samhljóða.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.

Fundargerð 737. fundar frá 13. febrúar s.l. Fundargerð í 5 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 738. fundar frá 20. febrúar s.l. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 739. fundar frá 27. febrúar s.l. Fundargerð í 8 liðum. Lögð fram eftirfarandi bókun við 1. dagskrárlið, „Sveitarstjórn Húnaþings vestra mótmælir ákvörðun Umhverfisstofnunar um að segja upp samningi við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra um framsal eftirlits. Sveitarstjórn Húnaþings vestra álitur að ákvörðun Umhverfisstofnunar muni almennt veikja störf og rekstrargrundvöll heilbrigðisnefndar auk þess sem hætta er á að opinberum störfum í umdæminu muni fækka enn frekar vegna þessarar ráðstöfunar.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Eftirfarandi tillaga lögð fram vegna 8. dagskrárliðar:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fengnu álitu kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga að hafna erindi Þorbjörns Gíslasonar, trúnaðarmanns kennara þar sem farið var fram á að áheyrnarfulltrúum kennara á fundum fræðsluráðs verði greitt fyrir fundarsetuna. Samkvæmt 51. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 158/2011 er sveitarstjórnnum ekki skylt að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélags. Í fjárhagsáætlun Húnaþings vestra fyrir árið 2012 er ekki gert ráð fyrir greiðslum til áheyrnarfulltrúa kennara og foreldra í fræðsluráði.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 740. fundar frá 5. mars s.l. Fundargerð í 9 liðum. Eftirfarandi tillaga lögð fram við 7. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða gjaldskrá um sorphirðu í Húnaþingi vestra fyrir árið 2012.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 8. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðan verktakasamning við Urðun ehf. um sorphirðu í Húnaþingi vestra og felur sveitarstjóra undirritun hans.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð fram eftirfarandi

tillaga við 9. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra skorar á Alþingi að samþykkja tillögu til þingsályktunar á þingskjali 891 um breytta framtíðarskipan refaveiða á Íslandi. Með breyttu fyrirkomulagi mætti m.a. koma í veg fyrir áframhaldandi hnignun mófugla og vaxandi ágang refa í varplöndum æðarfugls. Síðast en ekki síst skal það áréttað að dýrbitnu sauðfé fer fjölgandi og áriðandi að þeirri þróun verði snúið til betri vegar.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerðir nefnda.

2. Fundargerð félagsmálaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 123. fundar frá 29. febrúar s.l. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð fræðsluráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 128. fundar frá 1. mars s.l. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerðir Landbúnaðarráðs, formaður kynnti.

Fundargerð 108. fundar frá 15. febrúar s.l. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 109. fundar frá 29. febrúar s.l. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Fundargerð menningar- og tómstundaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 103. fundar frá 20. febrúar s.l. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Fundargerð skipulags- og umhverfisráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 207. fundar frá 1. mars s.l. Fundargerð í 6 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 1. dagskrárlið, „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kirkjuhvamms – útivistarsvæðis.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 2. dagskrárlið, „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða tillögu að deiliskipulagi að Ósum á Vatnsnesi.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum.

7. Dreifnám í Húnaþingi vestra. Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi vegna dreifnáms.

Ef af dreifnámi verður í Húnaþingi vestra næstkomandi haust, þá samþykkir sveitarstjórn að nemendur í dreifnámi geti keypt fæði í mötuneyti grunnskólans á sama verði og grunnskólanemendum stendur til boða. Einnig samþykkir sveitarstjórn að breyta reglum um útgáfu frístundakorta á þann hátt að þau gildi einnig fyrir ungmenni 17 og 18 ára. Sveitarstjórn felur byggðarráði fullnaðarákvörðun um fyrirkomulag akstursstyrkja vegna nemenda í dreifnámi. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 17:51

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Elín R. Líndal

Þorbjörg I. Ásbjarnardóttir.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari